Nr. 7.
5. apríl.

# Auglýsing,

um

## ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að pestkynjaðir sjúkdómar flytjist til Íslands frá Rússlandi og Finnlandi.

Samkvæmt lögum til bráðabirgða um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum, 4. þ. m., og lögum til bráðabirgða um bann gegn aðflutningum vegna þess að pestkynjaður sjúkdómur er uppi, 21. febr. þ. á., skal svo fyrirskipað fyrst um sinn, sem nú segir:

1. grein.

Menn, sem koma til Íslands frá Rússlandi eða Finnlandi, skulu, til þess þeim verði leyft að koma í landið, hafa meðferðis leiðarbrjef, sem hinn danski verzlunarfulltrúi á þeim stað, sem hluteigandi hefir lagt frá, eða ef enginn verzlunarfulltrúi er á staðnum, yfirvaldið þar hefir ritað á vottorð um, að hlutaðeigandi síðustu 20 dagana áður en hann fór afstað eigi hafi verið á þeim stað, sem sýktur sje af pest. Leiðarbrjefið má vera lagað sem vitnisburður, er nái til allra þeirra manna, sem á skipinu eru, en þá verður samt að nafngreina hvern einstakan mann í vitnisburðinum.

2. grein.

Ákvarðanir þær, sem lög um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt, og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, 17. desbr. 1875, hafa inni að halda, skulu að því leyti, er snertir pestkynjaða sjúkdóma, ná til þeirra skipa, sem koma frá öðrum rússneskum og finnskum höfnum en þeim, sem eru við Svarta og Assovska hafið. Fyrir því má ekkert skip, sem kemur til Íslands frá nokkurri af tjeðum höfnum, skjóta nokkrum manni, sem á skipinu er, í land (hvort heldur það eru farþegar eða einhver af skipshöfninni), fyr en sóttvarnarnefndin hefir látið lækni rannsaka skipið. Tjeð skip eru skyld til, þegar þau koma að og áður en þau hleypa inn á höfnina, að draga sóttvarnarflagg uppí topp í storu siglunni, eða hvítt, ef sóttvarnarflagg ekki er til á skipinu. Að öðru leyti skal vísað til þess, sem fyrir er mælt í fyrnefndum lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Það skal með öllu bannað að flytja frá Rússlandi eða Finnlandi til Íslands hluti þá, sem hjer skulu taldir:

Lín, sem hefir verið notað, sængurföt, fatnað, rýjur og hnökra ull, pappírsafklippur, loðskinn og þesskonar grávöru, skinn og húðir, verkaðar og óverkaðar, leður sútað og ósútað, innýfli úr dýrum, hvort heldur þau eru ný, hert eða söltuð, flóka, hár, burstarhár af svínum, ull, að svo miklu leyti, sem hún eigi er þvegin í verksmiðjum, fiður og dún, fisk og hvað eina, sem tilbúið er ef fiski, og sareptabalsam.

Ennfremur skal bannað, að flytja að tjeðar vörur, að svo miklu leyti, sem þær hafa verið látnar í skip, sem til Íslands koma, úr skipum, sem hafa lagt frá þeim stað, er eigi er sannað um, að hann sje meðal þeirra, þaðan sem leyft er að flytja að þesskonar vörur.

Þetta bann nær samt eigi til líns eða fata, sem menn, er koma til Íslands, hafa meðferðis, til eigin notkunar.

# Bekjendtgjørelse

Nr. 7.
5te
April.

om

## Foranstaltninger til at forhindre pestagtig Sygdoms Indbringelse til Island fra Rusland og Finland.

I Henhold til foreløbig Lov om Foranstaltninger mod pestagtig Sygdom af 4de d. M. samt foreløbig Lov om Indførselsforbud i Anledning af pestagtig Sygdom af 21de Februar d. A. fastsættes herved indtil Videre Følgende:

§ 1.

Personer, som ankomme til Island fra Rusland eller Finland, skulle, forat kunne tilstedes Adgang, være forsynede med et Reisepas, der af den danske Konsul paa Afgangsstedet eller, i Mangel af en saadan, af Stedets Øvrighed har erholdt Paategning om, at den Paagjældende i de sidste 20 Dage før Afreisen ikke har opholdt sig paa pestsmittet Sted. Reisepasset kan affattes som et alle ombordværende Personer omfattende Certifikat; dog maa i saa Fald hver Person være særlig navngiven i Certifikatet.

§ 2.

De i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers, den asiatiske Koleras og andre smitsomme Sygdommes Indbringelse til Island af 17de December 1875 indeholdte Bestemmelser skulle med Hensyn til pestagtig Sygdom være anvendelige ligeoverfor Skibe, der ankomme fra russiske og finske Havne udenfor det sorte og asovske Hav. Som Følge heraf maa intet Skib, som ankommer til Island fra en af de omhandlede Havne, landsætte nogen af de ombordværende Personer (Passagerer eller Besætning), forinden det ved Kvarantænekommissionens Foranstaltning er blevet undersøgt af en Læge. De nævnte Skibe ere pligtige ved deres Ankomst, og forinden de anløbe Havnen, at heise Kvarantæneflag eller, i Mangel af samme, et hvidt Flag paa Stortoppen. Iøvrigt henvises til Bestemmelserne i den ovennævnte Lov af 17de December 1875.

§ 3.

Al Indførsel til Island fra Rusland eller Finland af følgende Gjenstande forbydes:

Brugte Linned-, Sengetøis- og Beklædningsgjenstande, Klude og Kradsuld, Papiraffald, Pelsværk og lignende Bundtmagerartikler, Skind og Huder, beredte og uberedte, Læder, garvet og ugarvet, dyriske Indvolde, friske, tørrede eller saltede, Filt, Haar, Svinebørster, Uld, forsaavidt den ikke er fabrikvadsket, Fjer og Dun, Fisk og Fiskeprodukter samt Sareptabalsom.

Endvidere forbydes Indførsel af de nævnte Varer, forsaavidt de ere indladede i de til Island indkommende Fartøier fra Skibe, hvis Afgangssted ikke er legitimeret at henhøre til dem, fra hvilke det er tilladt at indføre saadanne Varer.

Det ovennævnte Forbud finder dog ikke Anvendelse paa det Linned eller de Klædningsstykker, som til Island ankommende Personer føre med sig til egen Brug.

Nr. 7.
5. apríl.

4. grein.

Sóttvarnarnefndirnar skulu sjá um, að lagðar sjeu fyrir sjerhvern skipstjórnarmann á skipi, sem kemur frá rússneskri eða finnskri höfn, auk spurninga þeirra, sem getið er í tilsk. 8. febr. 1805, 7. gr., ennfremur þær spurningar, hvort í farminum sjeu nokkrir þeir hlutir, sem nefndir eru í 3. gr., og sem bannað er að flytja til landsins, og hvort skipið hafi vitnisburð þann, sem getið er um í 1. gr. Skipstjórnarmenn á skipum, sem koma frá öðrum höfnum í útlöndum, skulu spurðir að, hvort þeir hafi tekið á móti nokkrum af fyrnefndum hlutum af skipum, sem hafa lagt frá rússneskum eða finnskum höfnum. Þar sem engin sóttvarnarnefnd er, skulu tjeðar spurningar bornar upp af lögreglustjórninni.

5. grein.

Hleypi nokkurt skip inn á Íslandi, og nái bann það, sem sett er í 3. gr., gegn aðflutningum frá Rússlandi eða Finnlandi, annaðhvort til alls farmsins eða til nokkurs hluta hans, má eigi flytja neitt af farminum í land án sjerstaks leyfis sóttvarnarnefndarinnar; eigi heldur má skjóta mönnum, sem á skipinu eru, í land, nema fatnaður þeirra og farangur sje gjörsamlega hreinsaður.

Hreinsunar þarf þó eigi við að því leyti, er snertir hafnsögumenn og þá menn, sem stuttan tíma og undir tilsjón sóttvarnarstjórnarinnar hafa haft mök við þesskonar skip.

6. grein.

Þegar skip strandar eða laust góz ber að landi, og eigi eru fullgildar sannanir fyrir því, að bannið gegn aðflutningum frá Rússlandi og Finnlandi nái eigi til gózins, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt að framan, með þeim tilhliðrunum, sem leiðir af hlutarins eðli og sjer í lagi því, sem gæta ber til þess að bjarga lífi manna. Samt má eigi með nokkru móti flytja þá hluti í land, sem bannað er að flytja til Íslands, og skal þeim eytt skaðabótalaust, nema þeir verði fluttir burt án milligöngu manna úr landi.

7. grein.

Hreinsun sú á líni, fatnaði og farangri ferðamanna, sem getið er um í 5. gr., skal gjörð í hreinsunarofni, ef því verður við komið, og skal hita tjeða hluti allt að 120 stigum eptir hitamæti Celsíusar. Sje eigi til þesskonar ofn, eða verði honum eigi komið við, skal reykja hlutina 6 klukkustundir með brennisteini, sem skal brenna í þjettlæstu hólfi, og skal 1 kvint af brennisteini koma á hverja teningsalin.

Koffort og kassa, sem fötin hafa verið í, skal þvo vandlega úr legi, sem tilbúinn er af 1 parti klórzinks og 50 pörtum vatns.

8. grein.

Þessi auglýsing öðlast þegar gildi. Um leið er numin úr gildi auglýsing um bann gegn því að flytja ýmsa hluti frá Rússlandi til Íslands, 25. febr. þ. á. og auglýsing um viðauka við ákvarðanir þær, sem fyrnefnd auglýsing hefir inni að halda, og nákvæmari reglur um, hvernig þeim skuli framfylgt, 3. f. m.

Þetta skal hjermeð kunngjört almenningi.

*Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 5. dag aprílm. 1879.*

***J. Nellemann.***

*F. A. P. Frydensberg.*

Nr. 7. **Augl. 5. apríl um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum.**

§ 4.

Kvarantænekommissionerne have at drage Omsorg for, at der til enhver Fører af Skib, som kommer fra russisk eller finsk Havn, foruden de i Fdg. af 8de Februar 1805 § 7 nævnte Spørgsmaal endvidere rettes Spørgsmaal, om Ladningen indeholder nogen af de i § 3 ommeldte Gjenstande, hvis Indførsel er forbudt, samt om Skibet er forsynet med det i § 1 ommeldte Certifikat. Førere af Skibe, som ankomme fra andre udenlandske Havne, blive at adspørge, om de have modtaget nogen af de ovennævnte Gjenstande fra Skibe, som ere udgaaede fra russiske eller finske Havne. Paa de Steder, hvor der ingen Kvarantænekommission findes, blive de nævnte Spørgsmaal at stille af Politiopsynet.

§ 5.

Anløber noget Skib det islandske Territorium, og falder enten hele Ladningen eller nogen Del af samme ind under det i § 3 givne Forbud mod Indførsel fra Rusland eller Finland, maa ingen Del af Ladningen uden særlig Tilladelse af Kvarantænekommissionen føres i Land; eiheller maa ombordværende Personer landsættes, uden at deres Beklædningsgjenstande og Reisegods fuldstændig desinficeres.

Nødvendigheden af Desinfektion bortfalder dog for Lodser samt for Personer, der i kort Tid og under Kvarantænevæsenets Tilsyn have været i Kommunikation med saadanne Skibe.

§ 6.

I Strandingstilfælde og med Hensyn til løst af Havet inddrevet Gods blive, forsaavidt der ikke haves Legitimation for, at Godset ikke henhører under Forbuddet mod Indførsel fra Rusland og Finland, de foranstaaende Regler at følge med de Lempelser, som Forholdets Natur og særligt Hensynet til at redde Menneskeliv fører med sig. Dog maa under ingen Omstændigheder den Del af Godset, der bestaar af Gjenstande, hvis Indførsel til Island er forbudt, føres i Land, men den bliver, forsaavidt den ikke uden Assistance fra Land kan føres bort, at tilintetgjøre, uden at der derfor kan fordres Erstatning.

§ 7.

Den i § 5 omhandlede Desinfektion af Beklædningsgjenstande og Reisegods skal om muligt foregaa i en Desinfektionsovn, i hvilken det opvarmes til 120° C. I Mangel af saadan, eller hvor den ikke kan anvendes, skal der benyttes Røgning i 6 Timer med Svovl, som forbrændes i et tæt lukket Rum, 1 Kvint for hver Kubikalen.

Kufferter og Kasser, hvori Tøiet har været, afvadskes omhyggelig med en Opløsning af 1 Del Klorzink i 50 Dele Vand.

§ 8.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft. Samtidig ophæves Bekjendtgjørelse angaaende Forbud mod Indførsel fra Rusland til Island af forskjellige Gjenstande af 25de Febr. d. A. og Bekjendtgjørelse angaaende Tillæg til og nærmere Regler for Gjennemførelsen af Bestemmelserne i nysnævnte Bekjendtgjørelse af 3dje f. M.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

**Ministeriet for Island, den 5te April 1879**

***J. Nellemann.***

*F. A. P. Frydensberg.*